

## 68. Oddný G. Harðardóttir (Fråga)

### Upplýsingar

Gerð

Fråga

Ræðunúmer

68

Notandi

[Oddný G. Harðardóttir](#)

Staða

Waiting for transcription

Dagsetning

31.10.23 16:28

Mig langar að halda áfram samtali við forsætisráðherra Noregs. Nú er það svo að öfgar og illska leysa engan vanda og stuðla sannarlega ekki að friði.

Norðurlöndin hafa skapað umgjörð fyrir mikilvægar friðarviðræður í gegnum tíðina. Ég get nefnt dæmi um friðarviðræðurnar á milli Reagans og Gorbatsjovs í Reykjavík árið 1986 og Óslóarsamkomulagið 1993 og 1995 milli Palestínu og Ísraels.

Traust á Norðurlöndum hefur áunnist í gegnum tíðina og við búum við ríka samræðuhefð. Hvoru tveggja getur nýst vel við að leiða saman stríðandi fylkingar en slíkt er ekki sjálfgefið. Það þarf að verja og rækta.

Telur ráðherrann að Norðurlöndin verði í jafn góðri stöðu til friðarviðræðna nú þrjátíu árum síðar þegar öll norrænu ríkin verða komin í NATO? Getur það skipt máli í þessari stöðu?

### **Skandinavisk oversettelse**

Jeg vil gerne fortsætte dialogen med Norges statsminister. Nu forholder det sig sådan, at ekstremere og ondskab ikke løser nogen problemer, ikke på nogen måde bidrager til fred.

Norden har skabt en ramme for vigtige fredsforhandlinger gennem tiden. Jeg kan nævne eksempler som fredsforhandlingerne mellem Reagan og Gorbatsjov i Reykjavik i 1986 og Oslo-aftalerne i 1993 og 1995 mellem Palæstina og Israel.

Norden har opbygget en tillid gennem tiden, og vi har en rig tradition for dialog. Begge dele kommer til gavn for at få stridende parter til forhandlingsbordet, men det er ikke givet. Det skal forsvares og værnes om.

Anser ministeren, at Norden vil stå lige så stærkt stilling til at føre fredsforhandlinger nu tredive år senere, når alle de nordiske lande bliver medlemmer af NATO? Kan det have en betydning i denne situation?